

**Fundargerð 65. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn á Teams, 2. nóvember 2020, kl. 13:00**

**Dagskrá:**

1. **Mótun klasastefnu.**
2. **Nýsköpun á landsbyggðinni.**

**Mættir:** Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Árni Freyr Stefánsson (SRN, fór 14:15), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN), Björn Helgi Barkarson (UAR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Karl Björnsson (Sambandinu), Pétur Berg Matthíasson (FOR, fór kl. 14:00), Þórarinn V. Sólmundarson (MRN), Þór Þórarinsson (FRN, mætti kl. 13:45), Sigríður Ó. Kristjánsdóttir (landshlutasamtökunum), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

**Fjarverandi:** Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Hrund Hafteinsdóttir (UTN).

**Umfjöllun og afgangsla:**

**1. Endurskoðun byggðaaætlunar**

Formaður og fulltrúi Byggðastofnunar kynntu þennan lið, en nú er unnið að endurskoðun byggðaaætlunar. Vinna við stöðumat byggðaaætlunar (grænbók) er í fullum gangi. Fram kom að búið er að halda samráðsfundi með öllum landshlutasamtökum sveitarfélaga, með þingmönnum og með Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fundirnir hafa verið gagnlegir og almenn ánægja er með gildandi byggðaaætlun. Helsta gagnrýnin beinist að því að ekki hefur tekist nægilega vel að samhæfa áætlanir ríkisins sem tengjast byggðamálum.

Fyrir fundinn hafði formaður sent stýrihópnum spurningar sem hún bað fulltrúa ráðuneyta um að hugleiða fyrir fundinn. Meðal annars var rædd aðkoma ráðuneyta að endurskoðaðri byggðaaætlun, hvaða áætlanir í hverju ráðuneyti hafa snertingu við byggðamál, hverjir eru kostir og gallar núgildandi byggðaaætlunar og hverjar eru helstu áskoranir og lykilviðfangsefni byggðamála næstu 15 árin. Miklar og góður umræður urðu undir þessum lið.

Í umræðum kom meðal annars fram sú skoðun að vinnulag varðandi byggðaaætlun hafi gjörbreyst með núgildandi áætlun. Rætt var um tengsl aðgerða á byggðaaætlun við aðrar áætlanir og mikilvægi þess. Formaður beindi því til stýrihópsins að fulltrúar hans skoði áætlanir sinna ráðuneyta og bendi á hverjar eiga að tengjast inn í byggðaumræðuna. Þarft sé að skoða stefnumörkun ríkisins út frá byggðasjónarmiðum áður en hún er sett í samráðsgátt.

**2. Samráðsfundur stýrihópsins og landshlutasamtakanna**

Boðað hefur verið til samráðsfundar stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga þann 19. nóvember. Á fundinum verður m.a. rætt um samstarf stýrihópsins og landshlutasamtakanna. Fyrir fundinn hafði

formaður sent stýrihópnum ýmsar vangaveltur um hlutverk hópsins og voru þær ræddar. Meðal annars var rætt um hvort og þá hvernig bæta megi samstarfið og hvort stjórnendur ráðuneyta séu almennt nægilega upplýstir um hlutverk stýrihópsins. Fundarmenn voru almennt á þeirri skoðun að kynna þyrfti betur starf og hlutverk stýrihópsins fyrir ráðuneytunum.

Næsti fundur verður mánudaginn 7. desember kl. 13.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:55